

ist af almannaþje, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumanns Guðlaugs Guðmundssonar og landritara Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 22/1890.

Bæjarstjórn Reykjavíkur

(eigandi Laugarness)

gegn

H. Th. A. Thomsen (eiganda

Bústaða).

#### D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af bæjarstjórn Reykjavíkur sem eiganda jarðarinnar Laugarness í Seltjarnarneshreppi gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða, og var það dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júnímán. þ. á., svo, að landmerki milli jarðanna skyldu vera: úr Þrísteinum og í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg bein stefna á fjallið Keili skekkjulaust til beggja hliða þar til þrýtur land Laugarness og Bústaða og tekur við Kópavogsland. Um dagpeninga og ferðakostnað sýslumanns og dagpeninga merkjadómsmanna var ákveðið í dóminum að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða af þeim kostnaði 30 kr. 50 au., en kaupmaður H. Th. A. Thomsen 21 kr. 50 au. Annar málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 29. júlímán. þ. á. og

krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur og stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir merkjadómi og yfirdómi með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð, ekki undir 100 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 100 kr.

Málsaðilar eru sammála um það, að landamerkin milli umræddra jarða sju þessi: úr Þrísteinum í Bústaðaborg, þaðan í stein fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg og þaðan í Klofningssteina. Þeir eru einnig sammála um það, hvar Þrísteinar sju og Bústaðaborg; en ágreiningurinn er um, hvar umgetinn steinn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje, og hvar Klofningssteinar sju. Áfrýjandinn hefur talið merkjasteininn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg stein eigi all-langt frá borginni uppi á ásnum að sunnanverðu nokkru fyrir vestan og ofan svonefndan Söðulstein, og Klofningssteina í suður frá honum niðri í Fossvogsmýrinni, þegar fer að halla upp hinumegin. Steinn stefnda er aptur töluvert vestar, vestan undir svonefndu Háaleiti, og Klofningssteinar hans neðarlega við Fossvogslæk hjer um bil í vestur frá Klofningssteinum áfrýjandans.

Þar sem nú stefnda eigi hefur tekizt að styðja álit sitt um merkjalínuna, nema með vitnisburði eins manns, er auk þess virðist byggja mest á ímyndun sjálfs sín um, hvar hin umprættu örnefni sju, hefur aptur á móti áfrýjandinn fyrir merkjadóminum borið fyrir sig vitnisburði ýmsra nákunnugra eldri manna, um það, er þeir höfðu heyrt í ungdæmi sínu og síðar um hvar örnefniin og merkin væru, og verður með þeim vitnisburðum

að álíta fullsannað, að Klofningssteinar sjeu þeir, sem áfrýjandinn heldur fram, svo og hver sje aðalstefna merkjalínunnar upp úr voginum norður eptir, þótt nokkur vafi geti enn verið á því, hvar merkjasteinninn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje eða hafi verið.

En þó að þessir vitnisburðir, sem enginn heimild er til að vefengja, sjeu þær einu sannanir, sem fram eru komnar í málinu fyrir því, hvar Klofningssteinar sjeu, hefur merkjadómurinn eigi tekið neitt tillit til þeirra, sökum þess, eins og hann kemst að orði, að þeir sje «framburður vitna um munnmæli, sem þau hafi heyrt og sjálf álitid».

Með því nú að merkjadómurinn verður með þessu að álitast hafa virt að vettugi löggilda vitnisburði og hann auk þess hefur ákveðið merkjalínuna svo, að yfirdómurinn getur enga hugmynd um það haft, hvar hún skiptir þrætulandinu eða jafnvel hvort hún fellur innan þrætulandsins eða utan þess, því ekkert er hvorki í dóminum nje annarsstaðar í málinu minnzt á afstöðu hennar við örnefni, sem fram eru komin í því — þá verður eigi hjá því komizt, að ónýta merkjadóminn fyrir sakir lögleysu að efni til og vísa málinu heim aptur. Upp í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rjett að stefndi greiði áfrýjandanum 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn skal úr gildi felldur og málinu vísast heim aptur. Upp í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, áfrýjandanum, bæjarstjórn Reykjavík-

ur, 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 23/1890.

Bæjarstjórn Reykjavíkur  
(eigandi Klepps)

gegn

H. Th. A. Thomsen

(eiganda Bústaða).

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði bæjarstjórn Reykjavíkur sem eigandi jarðarinnar Klepps í Seltjarnarnesshrepp gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða. Bæjarstjórnin álitur, að landamerki jarðanna sjeu þessi: «Frá Elliðaárvog, þar sem Merkjalækur (er sumir kalla «Marklæk», en hinn stefndi Murtulæk) fellur í hana eins og farvegur lækjarins ræður til upptaka og þaðan í svokallaða »Þrísteina». Á hinn bóginn telur H. Th. A. Thomsen, að landamerki milli jarðanna sjeu eptir beinni stefnu úr Þrísteinum í Geldingatanga (eða Gelgjutanga, sem svo er kallaður af ýmsum). Sök þessi var rekin fyrir landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu og þar dæmd hinn 28. júnímán. 1890, á þá leið, að merkjakrafa Thomsens kaupmanns var óbreytt til greina tekin; jafnframt ákvað dómurinn um málskostnað, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða upp í hann 30 kr. og 50 au. og kaupmaður Thomsen 21 kr. og 50 aura.

Þessum dómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til landsyfirrjettarins með stefnu dags. 29. júlímán. þ. á. og hjer fyrir rjettinum gjört þá kröfu, að hann verði